

# 7. fundur bæjarráðs

7. fundur bæjarráðs Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn fimmtudaginn 4. september 2014 í Setri Egils, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

## Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista,  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista,  
Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi, S-lista,  
Helgi Sigurður Haraldsson, áheyrnarfulltrúi, B-lista,  
Viðar Helgason, áheyrnarfulltrúi, Æ-lista,  
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá:

<b>Fundargerðir til staðfestingar</b>	
<b>1.</b>	<b>1406097 – Fundargerðir félagsmálanefndar 2014</b>
	2. fundur haldinn 28. ágúst
	Fundargerðin staðfest.
<b>Almenn afgreiðslumál</b>	
<b>2.</b>	<b>1408162 – Sýslumaðurinn á Selfossi óskar umsagnar um umsókn um rekstrarleyfi – gististaðurinn Oders Ocean View, Íragerði 12, heimagisting</b>
	Bæjarráð veitir jákvæða umsögn um erindið. <a href="#">mál nr.1408162</a>
<b>3.</b>	<b>1408157 – Styrkbeiðni Skotípróttafélags Suðurlands- uppbygging á skotípróttasvæði</b>
	Bæjarráð felur framkvæmdastjóra að afla frekari upplýsinga. <a href="#">Mál nr.1408157</a>

4.	<p><b>0604069 – Tillaga að breytingu á samningi um gjöld á lóðum í Gráhellu</b></p>
	<p>Tillaga að breytingu á samningi um gjald til Sveitarfélagsins Árborgar af íbúðum á skipulagssvæði Gráhellu, sbr. samning dags. 4. apríl 2007 og kvöð, dags. 19. október 2007.</p> <p>Bæjarráð samþykkir að veita 25% afslátt af gjaldi sem ætlað er til að mæta útlögðum kostnaði Sveitarfélagsins Árborgar vegna tenginga vega, vatnsveitu og hitaveitu við stofnkerfi vega og veitna. Gjaldið verður lagt á miðað við forsendur upphaflegs deiliskipulags um fjölda íbúða.</p> <p style="text-align: center;">Greinargerð:</p> <p>Frá árinu 2011 hefur Sveitarfélagið Árborg veitt 25% afslátt af gatnagerðargjöldum af lóðum í eigu sveitarfélagsins. Lækkunin var ákveðin vegna mikillar hækkunar á byggingarvísitölu. Gjald skv. framangreindum samningi tekur mið af byggingarvísitölu og er grunnvísitala frá apríl 2007. Gjaldi þessu er ætlað að mæta kostnaði sveitarfélagsins sem jafna má til þess kostnaðar sem sveitarfélagið hefur almennt af gatnagerð. Eðlilegt er því að sömu sjónarmið gildi um afslætti.</p> <p style="text-align: center;">Bæjarráð samþykkir tillöguna.  <a href="#">Mál nr. 0604069</a></p>
5.	<p><b>0609045 – Tillaga að breytingu á samningi um gjöld á lóðum í Dísarstaðarlandi</b></p>

Tillaga að breytingu á samningi um gjald til Sveitarfélagsins Árborgar af íbúðum á skipulagssvæði Dísarstaða 3, sbr. samning dags. 26. júlí 2007.

Bæjarráð samþykkir að veita 25% afslátt af gjaldi sem ætlað er til að mæta útlögðum kostnaði Sveitarfélagsins Árborgar vegna tenginga vega, vatnsveitu og hitaveitu við stofnkerfi vega og veitna. Gjaldið verður lagt á miðað við forsendur upphaflegs deiliskipulags um fjölda íbúða.

**Greinargerð:**

Frá árinu 2011 hefur Sveitarfélagið Árborg veitt 25% afslátt af gatnagerðargjöldum af lóðum í eigu sveitarfélagsins. Lækkunin var ákveðin vegna mikillar hækkunar á byggingarvísitölu. Gjald skv. framangreindum samningi tekur mið af byggingarvísitölu og er grunnvísitala frá júní 2007. Gjaldi þessu er ætlað að mæta kostnaði sveitarfélagsins sem jafna má til þess kostnaðar sem sveitarfélagið hefur almennt af gatnagerð. Eðlilegt er því að sömu sjónarmið gildi um afslætti.

Bæjarráð samþykkir tillöguna.

[Mál nr. 0609045](#)

**Erindi til kynningar**

**6. 1408163 – Erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu – Dagur íslenskrar náttúru – 16. september 2014**

Lagt fram.

[Mál nr. 1408163](#)

**7. 1408149 – Samþykktir 86. ársfundar Sambands sunnlenskra kvenna**

Lagt fram.

[Mál nr. 1408149](#)

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 08:55.

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista,  
Sandra Dís Hafþórsdóttir, bæjarfulltrúi, D-lista,  
Eggert Valur Guðmundsson, bæjarfulltrúi, S-lista,  
Helgi Sigurður Haraldsson, áheyrnarfulltrúi, B-lista,  
Viðar Helgason, áheyrnarfulltrúi, Æ-lista,  
Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins  
Árborgar, sem ritaði fundargerð.